

Siðareglur Crohn's og Colitis Ulcerosa samtakanna – CCU samtakanna.

Tilgangur siðareglna CCU er:

Að skilgreina hátterni og viðmót sem stjórnendum og fulltrúum CCU ber að sýna við störf sín fyrir hönd félagsins.

Að veita stjórnendum og fulltrúum CCU stuðning í hlutverki sínu við að vinna að heill félagsmanna í gegnum hagsmuna- og réttindagæslu, þjónustu og félagsstarf.

Að styrkja ímynd CCU, viðhalda og auka traust almennings á starfi félagsins.

Að efla gegnsæi, viðhalda góðum stjórnarháttum og faglegu starfi í þágu félagsmanna.

Að veita stjórn og starfsmönnum viðmið um breytni og faglega ábyrgð sem á þeim hvílir umfram lagalegar skyldur.

Stjórnendum og fulltrúum CCU ber :

Að sýna hver öðrum virðingu og kurteisi í samskiptum, bæði í ræðu og riti.

Að virða trúnað og nýta ekki trúnaðarupplýsingar sér til framdráttar. Trúnaðarskylda helst eftir að stjórnarsetu eða vinnu fyrir félagið lýkur.

Að veita þjónustu á faglegum forsendum en ekki vegna persónulegra tengsla.

Að gæta ráðdeildar í daglegum rekstri og við meðferð fjármuna félagsins.

Að sinna verkefnum sínum af trúmennsku og stuðla að góðum framgangi verkefna.

Að fylgja lögum, reglugerðum og samþykktum CCU í störfum sínum, sem og sannfæringu sinni.

Að gæta hagsmuna CCU og að setja almenna hagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin, annarra einstaklinga eða einstakra hópa.

Að hafa ávallt í heiðri grundvallaratriði góðrar stjórnunarháttá í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja, upplýsta og málefnalega ákvarðanatöku.

Að misnota ekki stöðu sína sem stjórnarmaður eða fulltrúi CCU eða mismuna í samskiptum á grunni þjóðernis, kyns, kynhneigðar, fötlunar eða trúar.

Að þiggja ekki persónulegar gjafir eða önnur fríðindi frá félagsmönnum, styrktaraðilum eða þeim sem leita eftir verkefnum eða þjónustu CCU.

Ábyrg starfsemi:

CCU starfar sjálfstætt að markmiðum sínum, með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi, án þrýstings frá eða skuldbindinga gagnvart stjórnvöldum, styrktaraðilum eða öðrum utanaðkomandi aðilum.

CCU ber ábyrgð á starfi félagsins og ber að sýna öllum styrktar- og samstarfsaðilum bæði virðingu og trúnað.

Meðferð fjármuna CCU er samkvæmt viðurkenndum bókhalds- og reikningsskilavenjum og endurskoðun reikninga er í höndum kjörinna skoðunarmanna.

Brot á siðareglum:

Vakni grunur um eða verði ljóst að siðareglur þessar hafi verið brotnar má hver sem þess verður var, tilkynna það til stjórnar CCU. Erindi um brot á siðareglunum má aldrei bitna á sendanda þess og stjórn getur ákveðið að sendandi erindis njóti nafnleyndar. Stjórn skal leita skýringa og frekari upplýsinga eftir því sem tilefni er til. Málsmeðferð skal haga í samræmi við meginreglur um óhlutdrægni og vandaða og réttláta málsmeðferð. Sá sem sakaður er um að hafa brotið siðareglur þessar skal ávallt eiga þess kost, meðan mál hans er til umfjöllunar, að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og upplýsingu.

Ef stjórnarmaður á hlut að máli og ef málavextir gefa tilefni til getur stjórn leitað til óháðs sérfræðings/sérfræðinga til að gefa ráðgefandi álit á því hvort siðareglur hafi verið brotnar. Brjótí stjórnarmaður eða fulltrúi CCU gegn siðareglum þessum skal hann í samráði við stjórn CCU bæta fyrir brotið eins og hægt er með því að birta, leiðrétta upplýsingar eða gera aðra þá bragarbót sem þurfa þykir.

Við upphaf hvers kjörtímabils stjórnar skal taka þessar siðareglur til umræðu og endurskoða ef þörf þykir.

Stjórn CCU samtakanna.